




# Pacific Northwest Ocean Cluster

Fréttir úr Starfinu  
Febrúar 2019 - Ágúst 2019



# PNWOC

## Pacific Northwest Ocean Cluster - 8/2019

Pacific Northwest Ocean Cluster (PNWOC) er systurklasi Íslenska sjávarklasans á vesturströnd Bandaríkjanna. Klasinn var stofnaður sem "Non-profit Corporation" í nóvember 2018 og var veitt 501(c)(3) undanþágu hjá IRS um miðjan apríl 2019. Klasastjóri og meðstofnandi PNWOC er Lára Hrönn Pétursdóttir. Í þessu fréttabréfi verður gerð grein fyrir helstu verkefnum klasans síðustu mánuði.

### Staða verkefna


#### **Innovation in the N-Pacific Fishing Industry group**

PNWOC hélt áfram að skipuleggja og leiða fundi með forsvarsmönnum samtaka m.a. togaraútgerða, línútgærða, smábátaútgerða, krabbaútgerða, ísfisks- og frysti skipa og vinnslu í bland við fólk frá ýmsum sviðum atvinnulífsins og háskóla hér á svæðinu fram á sumar og stendur til að halda því áfram í haust.

Eftir þessa fundi hefur klasanum borist þær góðu fréttir að nokkrir hafa krunkað sig saman um að leggja drög að því að leysa eitthvað af þeim vandamálum sem rætt hefur verið um og verður þeirri vinnu fylgt eftir betur nú í haust.

Helst hefur árangur þó náðst með krabbasjómönnum sem hafa tekið af skarið og formlega myndað nýsköpunarnefnd innan sinna samtaka, sem ræðir helstu vankanta og lausnir á veiðum og vinnslu krabba í Beringshafi.

Markmið þessara funda hefur einfaldlega verið að koma fólki saman, hefja umræðuna, vekja fólk til umhugsunar, breiða út nafn klasans og kynna hann sem hýsil og hvata til að ýta úr vör nýsköpunarverkefnum í sjávarútvegi.




PNWOC hefur skapað sameiginlegt vinnusvæði á netinu fyrir hópinn sem gefur meðlimum tækifæri á að setja niður hugmyndina sína, vandamálin sín og tillögur að lausnum. Þar getur fólk einnig kosið hvaða innsetta hugmynd það hefur áhuga á að vinna að og fylgst með framgangi mála.

<input type="checkbox"/>	Idea or Problem (short)	Description (long)	Category (you can choose more than one)	*Other Category	Group member	Group member not on the list (Link for full list)
1	Sorting	Sorting of packed material, date-l	Fishing Vessel Processing		Gleyn Bledso; Timothy Ham; Bar	
2	Robotic regulatory issues	Address regulatory issues that aff	Fishing Vessel Fishing Gear Pro		Timothy Ham; Gleyn Bledso; Bar	
3	Automation Freezer operations	Including packing, product identifi	Fishing Vessel Processing		Gleyn Bledso; Barbara Rasco; Ti	
4	Feed system for Baader 212	Development of an affordable aut			Gleyn Bledso; Barbara Rasco; Ti	
5	100% PNW Fish	Mapping the fish species of the P	Research Byproduct		Lára Hrönn Pétursdóttir	
6	A view of Iceland	A field trip to Iceland - getting to k	Fishing Vessel Fishing Gear Saf		Lára Hrönn Pétursdóttir	
7	Collagen	The PNWOC has been approach	Processing Byproduct Research		Lára Hrönn Pétursdóttir	<a href="https://www.fis.c">https://www.fis.c</a>
8	Whale Entanglement	Crabbers in Canada have had se	Fishing Gear Other *(please sugg	Crab	Edward Poulsen; Jamie Goen	
9	Minimization of Ice Buildup	Vessels fishing in the Bering Sea	Fishing Vessel Safety		Edward Poulsen; Jamie Goen	
10	Propulsion Systems	Nearly all catcher vessels in the P	Fishing Vessel		Edward Poulsen; Jamie Goen	
11	Lights or Sound to Attract Crab	Studies in Canada have shown th	Fishing Gear		Edward Poulsen; Jamie Goen	
12	Robotic Crab Pot Stacking System	Stacking crab pots on vessels is t	Fishing Vessel Fishing Gear		Edward Poulsen; Jamie Goen	
13	Crab butchering Machines	Crab processing occurs in remot	Processing		Edward Poulsen	
14	Improved Crab Offloading	Currently, crabbers are offloaded	Processing		Edward Poulsen; Jamie Goen	
15	Smart Pots	Develop a "smart pot" that has ar	Fishing Gear		Jamie Goen; Edward Poulsen	
16	Crab Gear Design	Crabbers are interested in improv	Fishing Gear		Jamie Goen; Edward Poulsen	
17	Crab Hauling and Setting Gear	Currently, crab crew are exposed	Fishing Vessel Safety		Jamie Goen; Edward Poulsen	
18	Live Holding Systems for Crab	Current technology for holding cri	Fishing Vessel		Edward Poulsen; Jamie Goen	
19	Bait	Crabbers are interested in pursui	Fishing Gear Byproduct		Edward Poulsen; Jamie Goen	
20	Crab Vessel Design	Should crabbers consider more ri	Fishing Vessel		Edward Poulsen; Jamie Goen	

Skjámynd af vinnusvæði "Innovation in the N-Pacific Fishing Industry" á netinu.

## Pacific Northwest Ocean Cluster og Port of Seattle

Port of Seattle (PoS) hefur sótt fast í samstarf við PNWOC um að koma upp "Pacific Northwest Ocean Cluster Hús" að fyrirmynd Húsi klasans á Íslandi. PoS hefur boðið fram húsnaði á mjög hagstæðu verði og með eins svegjanlegum skilmálum og "Government" stofnun getur boðið upp á. Mikil vinna hefur farið í að finna rétta húsnaðið og setja upp kostnaðaráætlanir fyrir mismunandi staðsetningar og húsakosti.



Niðurstaðan er skrifstofuhúsnæði í Fishermen's Terminal sem er skilgreind sem "The Homeport to the North Pacific Fishing Fleet". Í þessu húsnæði eru nú þegar t.d. veitingastaðir, verslanir, fiskbúð, kaffihús og skrifstofur. Þetta er mjög áhugaverð staðsetning bæði út af mannlífinu sem er nú þegar þarna í kring og þar sem mikið af sjávar tengdum fyrirtækjum er með skrifstofur sínar í þessu nágreni. Þetta verkefni virðist vera mikið hjartans mál fyrir PoS og hefur Dave McFadden, Managing Director of Economic Development Division, sett sitt besta fólk í að vinna að málunum.

Nú er verið að vinna að því að fá áheiti leigutaka og stuðningsaðilla til að finna út hvort ákjósanlegt er að leggja upp í þessa ferð. Ákvörðun um framhald þessa verkefnis verður tekin á haustmánuðum. Húsnæði á þessum stað býður upp á skemmtilega möguleika til að byggja upp nýsköpunarsamfélag í sjávarútveginum sem sameinar "old timers" og "new comers" á svæðinu.




PoS hefur stór plön um að byggja upp svæðið og auka stuðning við nýsköpun í iðnaðinum. Eins og kom fram í síðasta fréttabréfi stendur til að byggja "Marine Innovation Center" fyrir og er Lára klasastjóri í Seattle í "Advisory board" fyrir það verkefni. PoS lítur á samstarfið við PNWOC sem upphaf á þessari uppbyggingu og góðan

grunn til að byggja á þegar "Marine Innovation Center"-ið fer að líta dagsins ljós.

### **Marine Collagen USA**

Hafinn er undirbúningur á stofnun Collagen fyrirtæki í USA sem mun í upphafi fara í tilraunir og vinna forvinnu fyrir væntanlega Marine Collagen vinnslu. Verið er að koma saman hópi





einstaklinga sem hafa viðeigandi þekkingu og tengsli og geta leitt verkefnið með það að markmiði að setja í gang framleiðslu Collagens úr fiskroði í Bandaríkjunum og vera leiðandi á þessu sviði. PNWOC og Íslenski sjávarklasinn eru frumkvöðlar að þessu verkefni og munu leiða það til að byrja með.

## Lokaorð

PNWOC heldur áfram að byggja upp traust og breiða út boðskapinn. The Pacific Northwest er stórt svæði og verður meiri áhersla lögð á að ná til fólks í Puget Sound sem og á strandsvæðum Washington og Oregon fylkja á næstunni. Þar sem Seattle er nokkurskonar höfuðstöð fiskveiða í Alaska hefur óhjákvæmlega verið meiri umræða við fólk sem stundar sinn rekstur þar.

Fyrir frekari upplýsingar eða fyrirspurnir vinsamlegast hafið samband,  
Lára Hrönn Pétursdóttir

[lara@pnwoceancluster.com](mailto:lara@pnwoceancluster.com)

USA sími: +1-425-458-8237

